

CQ TF



16. ÁRGANGUR

2. TÖLUBL. 1981

JÚLÍ



Fró TF6M í júlí 1978.



FRÁ RITSTJÓRA....

Að lokinni heimskautanótt fyllast menn bjartsýni, þegar sumarið fæðist. Blómin springa út og sólin skín milli regndropanna. Grasið sprettur og mannfólkið sprettur úr spori. Starfsemi radióamatöra tekur á sig breitta mynd. Loftnetin springa út og sólbrettirnir eru eins og freknur milli svitadropanna. Ungviðið leikur sér úti og "gömlu mennirnir" fara í útileika.

Það blað, sem hér sér dagsins ljós, er tileinkað þessu.

Í síðasta blaði var boltanum varpað til þín um raunhæft framlag til að halda úti blaði félagsins. Viðbrögð hafa lítil verið. Þetta blað er stakt og án nokkurs fyrirheits um framhald. Boltinn er því enn einu sinni hjá þér, félagsmaður góður, Vilt þú gera eitthvað í málinu?

P.S. Samstarfsmönnum TF3DC, TF3JB og TF3YH er þökkuð samvinnan útgáfu þessa blaðs, án þeirra hefði það aldrei komið út.




CQ-TF er félagsblað og fréttabréf Í.R.A.
Útg.: Íslenskir radióamatörar,
- Aðsetur: Dugguvogur l.b., 104 R.
- Póstfang: Pósthólf 1058, 121 R.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Kristján Benediktsson, TF3KB.

▷ & ▢

ORÐSENDING FRA GJALDKERA Í.R.A.

Félagsgjöld fyrir árið 1981 eru fallin í gjalddaga. Þeir félagsmenn sem því geta komið við, eru vinsamlegast beðnir að senda greiðslu tii félagsins, í pósthólf 1058, 121 Reykjavík, eða greiða það við tækifæri í félagsheimilinu. Upphæðin er kr. 250.-

73 de TF3YH.





QTC SENDINGAR frá TF3IRA hafa fallið niður að undanfögnu og hefur viðskiptaforstjóri, TF3YH, ákveðið að fella þær niður það sem eftir er sumars. Áhugi meðal félagsmanna á þessari þjónustu (félagsfréttir og morseæfingar) virðist hafa verið dræmur, a.m.k. miðað við þá staðreynd að anzi fáir hafa gefið sig fram að sendingu lokinni. Vonandi verður þráðurinn tekinn upp að nýju, á komandi hausti. Menn eru vinsamlegast beðnir að lýsa skoðun sinni á þessu máli.

DAGANA 30. og 31. MAÍ var TF3IRA starfrækt í CQ WPX CW keppninni. Starfsemin fór fram frá stöð TF3YH, þar sem loftnetakostur félagsins bauð ekki upp á glæsilegan árangur. Sjá nánar upplýsingar í Viðskiptadálki aftar í blaðinu.

SÍÐAN 1 JÚNÍ 1980 hefur TF3IRA einnig verið starfrækt á SSTV af TF3KC, frá stöð hans. Útbúnaðurinn samanstendur af tölvu, tveimur diskadrifum og forlata prentara sem gerir kleift að prenta út myndirnar sem koma inn. Á tímabilinu 22. marz til 22. maí hafði Hermann haft sambönd við eftirtöld lönd: DL, EA8, GM, HA, I, K, OZ, PY og SM, sem telst allgóður árangur á SSTV, miðað við afl og loftnetabúnað.

Á KYNNINGU á amatörradíói sem fram fór í húsakynnum verkfræði- og raunvísindadeildar Háskóla Íslands var TF3HI m.a. starfrækt á SSTV, að frumkvæði TF3KC.

DAGANA 26. júlí til 2. ágúst n.k. -verður TF5SS starfrækt á skátamóti í Kjarnaskógi við Akureyri. Umsjón er í höndum TF3BT. TF3KX/TF1 verður QRV á 3,525 MHz frá Hrauneyjarfossi á kvöldin fram undir ágúst n.k. Sérstaklega á mánudags- og fimmtudagskvöldum e. kl. 22.00 GMT,

ÚT ER KOMINN DXCC-landalisti í formi bæklinga. Listinn er settur upp með tilliti til 5 banda DXCC + DXCC á 160 metrunum, DXCC-CW og DXCC-PHONE. Í listanum er að finna ýmsar nytsamvegar upplýsingar svo sem ITU og CW svæðaskiptingarnar. Jafnframt er gefin upp heimsálfa viðkomandi lands, svo og tímamörk á gildistíma sambanda við landið. Listinn er fáanlegur hjá útgefanda, Mathíasi Hagvaag, TF3-035.

Þann 9. APRIL sl., var undirritaður húsaleigusamningur við Skotfélag Reykjavíkur, varðandi húsnaði undir starfsemi Í.R.A., en S.R. keypti húseignina að Dugguvogi l.b, í fyrravor.

TF3IRA A METEORSCATTER. Seint í þessum mánuði og byrjun næsta mánaðar verður hér á ferð norskur meteorscatterahugamaður. Hann hefur sótt um að fá að nota aðstöðu félagsins til prófana.

Fyrir þá sem áhuga hafa á að kynnast þessum fjarskiptamáta er þetta því kjörið tækifæri og er mönnum bent á að fylgjast með tilkynningum þar að lútandi á upphýsingatöflu í félagsheimilinu.

NÝLIDAPRÓF var haldið laugardaginn 6. júní 1981. Þrír gengust undir prófið og stóðst einn. Hann heitir: Baldur Þorgilsson, Kársnesbraut 47, 200 Kópavogi. Óskum við honum til hamingju með árangurinn.

STJÓRN FÉLAGSINS hefur sótt um leyfi til Póst & símamálastofnunar til að setja upp radióvita með kallmerkinu TF4VVV við Mjólkársvirkjun, til könnun-ar á skilyrðum innanlands. Fyrirhugað er, ef leyfið fæst, að vitinn sendi í tíðnisviðunum 3,5 og 7 MHz.

FARIN VAR KYNNISFERÐ á vegum félagsins í Fjarskiptastöðina í Gufunesi

hinn 6. júní sl. Þátttaka var góð, tókst ferðin vel og urðu menn margs vísari.

FÉLAGIÐ HYGGST sækja um A og C próf radióamatöra á næstunni til Póst & símamálastofnunar. Óskað verður eftir prófunum í seinni hluta septembermánaðar. Þeir sem áhuga hafa á því að gangast undir þessi próf, vinsamlegast setji sig í samband við stjórn félagsins.

ERLENDAR FRÉTTIR

Svissneskum radióamatörum fjölgaði um 6,5% á síðasta ári. Félagsmönnum í U.S.K.A. (svissneska landsfélaginu) fjölgaði aftur á móti um 7,7%, Annars héldu Svisslendingar aðalfund sinn dagana 23. og 24. apríl sl., skammt frá Basel. Þeirra aðalfundir eru með eitthvað öðru sniði, þar sem í tengslum við þá, hafa þeir m.a. sýningar á tækjabúnaði fyrir amatöra, samkomur DX-manna og fl. þ.h.

SRJ - Savez radio-amateurs Jugoslavije, landsfélag amatöra í Júgóslavíu er eitt af stærstu félögum radióamatöra í Evrópu. Félagsmenn eru liðlega 60.000. Þar af eru leyfishafar um 18.000. Samkvæmt því sem YU7NQM segir í nýjasta hefti IARU REGION 1 NEWS þýðir það 78 leyfishafa per. hverja 100.000 íbúa, sem er hagstætt hlutfall. Á síðastliðnum fjórum árum hafa þeir m.a. bætt við 22 endurvarpsstöðvum í metrabylgjunni.

URA - Union Radioaficionats Andorras (landsfélag radióamatöra í Andorra) ásamt ARISM - Associazione Radioamatori Della Republica Di San Marino (landsfélag radióamatöra í San Marino) voru nýlega tekin inn sem meðlimir í IARU REGION 1. Þau eru landsfélög númer 50 og 51 í Region 1.

Radióamatörum í Vestur-Þýzkalandi fjölgaði um 9,4% á sl. ári. DARC hefur verið í því að aðstoða verðandi radióamatöra í Sri Lanka sl. ár, eða allt frá 1978 í samvinnu við IARU, ARRL og RSGB. Nýlega hefur Í.R.A. borizt myndarlegur bæklingur frá þeim um starfsemina þarna niður frá. Myndin hér fyrir neðan sýnir nýja radióamatöra frá 4S7 landi ásamt kennurum þeirra frá BRD. Námskeiðin hafa verið mjög vel sótt, og ekki eingöngu af



amatörum (verðandi) frá 4S7, heldur einnig frá Bangladesh (S2) og Indlandi (VU). IARU, ARRL og RSGB hafa aðstoðað með því að láta í té námsgögn og "komponenta" til smíða á einföldum viðtækjum og sendum til viðskipta í amatörsviðunum. Gildi þessara námskeiða á Sri Lanka er

mikið fyrir þá sem eru þátttakendur, þar nýjum leyfishöfum hefur oft boðist ný og betur launuð vinna, t.d. í þágu ríkisins og t.d. Deutsche Welle, sem umsvif hefur þar.

Ef loftnetið þitt fauk ekki niður á síðasta vetri, þá er það ekki nógu stórt". Þessi ke-
nning er stund um notuð í staðinn fyrir vandasama út reikninga um vind-
álag og burðarþol.


Sumartími er loftnetatími




Eftir Kr. Benediktsson, TF3KB.
En ef loftnetið þitt fauk niður, var það þá of stórt? Nei, ekki endilega, en kannski væri fróðlegt að athuga sinn gang. Eftir að komið er sumar, hljóta loftnetamál að vera ofarlega á baugi, eða eins og leirskáldið sagði:

"Merkið fer ei fet fáum náð ég get. Í sumar upp ég set stærra loftnet"

Fyrst leirskáld ber a góma er ekki úr vegi að minna menn a að halda sig við jörðina. Þótt loftnetið eigi að vera eins langt frá henni og hægt er, þó má annað gilda um fyrirætlanirnar. Eins og mönnum er í fersku minni gerði hið versta veður hinn 16. febrúar sl Eftir það áttu margir um sárt að binda í loftnetamálum, og eiga jafnvel enn. Turninn, sem Ingi Sveins, TF3SV, lánaði félaginu gaf sig og með honum fóru þrír einböndungar. Hverskonar veður er það eiginlega, sem fer svona illa með okkur og fleiri? Til fróðleiks eru hér birt tvö línurit um vindhraða, sem lýsa gangi óveðursins. Þar má sjá svart á hvítu hverskonar veður loftnetin okkar geta fengið á sig með stuttum fyrirvara. Línuritin eru tvennskonar. Það fyrra sýnir andartaksgildi vindhraðans og koma stærstu vindhviður fram sem toppar á því.



Stærsta vindhviðan kom um kl. 22.30 og var 102 hnútar eða sjómíllur á klst. Það eru u.þ.b. 189 km/klst. Þetta línurit gildir auðvitað bara fyrir staðinn, sem Veðurstofan er á við Öskjuhlíð. Einstakir staðhættir geta breytt myndinni. Seinna línuritið sýnir meðalvindhraða mældan yfir 10 mínútna tímabil í senn. Einstakar hviður koma ekki fram og vindhraði mældur á þennan hátt er því lægri. Stærsti aflestur er 77 hnútar, u.þ.b. 143 km/klst Þá vitum við hverju við getum átt von á. Farið var á stúfana og forvitnast um hvaða sumardrauma eða fyrirætlanir nokkrir ágætir félagsmenn hafa í loftnetaeftum eða öðrum sumarmálum.



Línurit 2. (Reykjavík 16. febrúar 1981).

Fyrst hittum við Yngva Harðarson, TF3YH, sem hefur verið manna iðnastur við að prófa ýmislegt nýstárlegt. Loftnet sem staðið hafa í mörgum um árabíl setur hann upp um eina helgi. Við spurðum hvaða loftnet hann hefði verið með uppi í óveðrinu og hvernig þeim hefði reitt af. Hann sagði að það eina, sem hefði brotnað var bambusstöng, sem hélt uppi 40 og 80 metra netum. Tvöfalt D fyrir 20m, að fyrirmynd G3LDO hélt sér, "en það er ekki nógu stefnuvirkt", sagði Yngvi. Þá var hann með sextennta greiðu fyrir 15 metra úr álrörum frá Innkaup. Hún bognaði undan vindinum, en Yngvi fann engan mun á stefnuvirkni eftir það. Sumir hefðu samt haldið því fram að bogin net af þessari gerð hefðu meiri ávinning en bein net. Yngvi kvað samt fallegra að hafa bein rör og af því hann nennti ekki að bíða eftir næsta óveðri til að rétta rörin, hefði hann skipt um. Auk þess er hann nú kominn með þrílykkjutening fyrir 20m á sömu bómu. E.t.v. mundi hann setja upp sextennta greiðu fyrir 10 metrana í haust ef þeir kæmu upp þá. Annars var hann næstum búinn að gleyma að minnast á að hann er ásamt TF3DC og TF3KC að vinna að smíði ginntra þrítenntra þríböndunga skv. grein í nýlegu Radcom. Sagði hann þá geta smíðað 6 svoleiðis net fyrir það sem eitt sambærilegt (TH-3) kostaði með flugi frá Barry Electronics í N.Y. Yngvi sagði að það væri ágætt að loftnet fykju niður við og við, "þá prófar maður alltaf eitthvað nýtt" sagði hann að lokum.

Næst ræddum við við Óskar Sverrisson, TF3DC. Hann var spurður hvort hann hefði einhverjar tilraunir á þróunum. "Maður hefur nú ekkert komist til að hugsa um það. Annars er fullt af hugmyndum, sem mann langar til að prófa, en yfirleitt er það allt svo stórt, að það eru fjallarósir", sagði Óskar. "Hvað með þrítennta þríböndunginn?", "Jú", sagði Óskar, "ég hef kynnt mér það vel frá efnislegu sjónarmiði, og líklega erum við komnir niður á bezta efni, sem hægt er að fá". Auk þessa sagðist Óskar vera með fjögurra víra greiðu heima hjá sér, sem hallaði undir flatt frá þakbrún og niður í garð. "Þetta virkar og er þrælstefnuvirkt í vestur eða þannig, að það getur ekki verið rétt sem maður les á mæli, það er þrem S-einingum betra en GP eða tvíþóll", sagði Óskar að lokum.

Þá var hlustarinn Mathías Hagvaag, TF3-035, sóttur heim. Við höfðum frétt af því að hann hefði nýlega keypt sér 10-gíra reiðhjól og sést á

því niðri við Læragjá. Aðal erindið var að fá að taka af honum mynd á reiðhjólinu með móttakaran á stýrinu, loftnetið á bögglaberanum, heyrnartólin á höfðinu og Læragjá í baksýn. Við þetta var ekki komandi og sagðist hann ekki festast á filmu og þar við sat. Að afloknu dýrindis kaffi og meðlæti var sezt inn í stofu við Ijúfa Hammond tóna og tekið tal saman. "Hvaða loftnet ert þú með?" "Það fer nú lítið fyrir loftnetum, þó er ég með þrjú, það er þríhyrnd lykkja fyrir 20m, GP fyrir 10m og svo 40-50m langur vír milli húsa. Það kom ekkert fyrir þetta í óveðrinu", sagði Mathías. "Nú, er þetta þá nógu stórt?" "Ja, maður hefur alltaf löngun til að setja upp eitthvað stærra, en það er annað mál með leyfin fyrir því. Ég hef engar sérstakar áætlanir fyrir sumarið". "En fyrir hjólið?" "Nei". "Hvernig gengur að hjóla?" "Þolanlega". "Harðsperrur?" "Nei". Það barst í tal að ýmsir kostir væru því fylgjandi að vera hlustari, t.d. þarf ekkert að bíða eftir nýju böndunum. Það er hægt að byrja að hlusta þar strax. Svo er ekkert TVI, a.m.k. ekki í júlí.

"Svona að lokum Mathías, viltu segja mér í trúnaði, hvað er magnarinn þinn sterkur?"

"Já, ef þú lofar að segja það engum, þá er hann svona 150W út".

"Hvað dregur hann langt?"

"Það er upp og ofan", svaraði Mathías.

"Nú, hvað áttu við með því?"

"Jú, sérðu til, upp á hæðina fyrir ofan og niður á hæðina fyrir neðan, þetta er nefnilega stereomagnari, hnja-hnja-hnja".

Við snérum okkur nú til Vilhjálms Þórs Kjartanssonar, TF3DX, og spurðum hvernig loftnet hann væri með. "Það er endafætt Zeppe-

lin loftnet, eða kannski mætti kalla það Zeppelin endurfæddan".

"Hvernig stóð það sig í óveðrinu?" "Það haggast ekki", sagði Vilhjálmur.

"En er það þá nógu stórt?" "Ja, ég er nú frekar

lítið í DX á hærri stuttbylgjutíðnunum og þetta loftnet er ekki

miðað við þær heldur við háloftabylgju innanlands á 80m".

Vilhjálmur gerði síðan grein fyrir eiginleikum loftnetsins:

Þetta er hálfbylgju loftnet, sem virkar eins og dípóll, nema að

fæðipunkturinn er endinn í stað miðjunnar. Þetta hefur þann

kost, að miðja hálfbylgjunnar, sem útgeislar mestu afli, getur

verið hátt og frítt, án þess að fæðilínan þurfi að liggja langt

frá húsinu. Dípól þarf að fæða í miðju og miðjan þarf að vera

langt frá húsinu. Með þessu neti getur fæðilínan hinsvegar

verið við húsið. Nafn loftnetsins, er komið af því að þessi

fæðiaðferð var þróuð fyrir aftaní-hangandi loftnet á Zeppelin

loftskipunum. Þar var venjulega notuð kvartbylgju fæðilína, sem

breytti háu endaviðnámi loftnetsins í lágt við nám fyrir sendinn.

Þetta er stigafæðilína og er annar vír hennar tengdur við endann

á loftnetinu, en hinn er ótengdur. "Mér hefur sýnst þetta vera

breiðbands", sagði Vilhjálmur, "mjög lítil útgeislun er frá

fæðilínunni, ef loftnetið er í resónans, en utan við resónans

kemur fram loftnetsstraumur á fæðilínunni. Æskilegt væri að hafa

balanseraðan tjúner ef farið er út fyrir resónans lárétta

hlutans. Mér finnst vera áberandi betri nýtni í þessu neti en

sambærilegu neti, sem fætt er móti jörð, en hef ekki prófað það

systematískt. Ef fæðilínan er styttri en kvartbylgja eins og

oftast er, því lengdin ræðst af hæð húsa, þó er impedansinn

kapasítívur. Ég prófaði að resónera með spólu í seríu og fékk

þó lágan impedans, sem ætti að passa fyrir transívera, þannig að

ekki þyrfti stóran tjúner". Vilhjálmur sagði að lokum, að oft

gæti verið gott að hafa tvö loftnet hornrétt hvort á annað við

sambönd innanlands, því hann hefði rekið sig á það í hvarfli að

styrkurinn dytti oft ekki niður á báðum netum samtímis.

TF3SZ, Steingrímur Sigfússon, var nú tekinn tali. Hann sagðist

hafa verið með stagaðan vertikal þegar óveðrið gekk yfir og

hefði hann staðið það af sér. Tólf þakplötur fuku af næsta

stigagangi í blokkinni, sem hann býr í og slitu tvö af átta

stögum loftnetsins en það sakaði ekki sjálft. Loftnetinu er

bara rétt tyllt í þakið og aðalfestingin er stögin. Hann sagði

að í blokk væri oft erfitt að koma eða fá að koma hlutum fyrir,

oft yrði að sæta lagi. "Nú er ég kominn með tvo vertíkala 6 15m

til viðbótar", sagði

Steingrímur, þ.e.a.s. þrjá vertikalala alls, sem mynda jafnhliða þríhyrning og eru fasaðir saman". Hann sagðist nýbúinn að smíða rofa og stjórnkassa fyrir fösunina. Hann fæðir tvö net í senn með 90° fasamun og þar sem kvartbylgja er milli netanna verður stefnumyndin nýrnalöguð, þ.e.a.s. núll í eina átt. "Þetta lofar nokkuð góðu", sagði Steingrímur að lokum, "með þessu móti get ég beint geislanum í sex áttir, þó hann sé frekar breiður að vísu". Gísli Ófeigsson, TF3US, var með fjórtennta greiðu (Hy-gain 204BA), en það sem bjargaði henni í óveðrinu var að hann var búinn að draga úr henni tvær tennurnar áður en óveðrið skall á. "Rótorinn brotnaði", sagði Gísli, "og loftnetið flaug af stað og lenti á tré, en þetta var mjúk lending. Það bognaði bara eitt rör, sem auðvelt er að skipta um" Gísli sagði að lokum, að ætlunin væri að setja loftnetið upp aftur þegar rótorvandamálin væru leyst.

Rætt var við TF3CU, Magnús Agústsson. Hann sagðist hafa verið með Hustler, sem fór niður í óveðrinu. Hann var þó þrístagaður. "Ég nú með 4 dugleg stög", sagði Magnús. "Þetta virkar mjög vel og ég hef náð ágætlega með því. Ég er ekki að hugsa um annað í bili", sagði hann að lokum.

TF3CW, Sigurður Jakobsson, sagðist hafa verið með 18AVT vertikal heima hjá sér í óveðrinu auk fimttenntu greiðunnar á 15m, sem fór niður í Í.R.A. "Vertikallinn fór ekki og hefur aldrei farið", sagði Sigurður. "Hann var með 8 stögum úr sérstakri línu, sem ég fékk í Ellingsen. Línan er hörð viðkomu og tognar ekki né slitnar og þarf ekki að strekkja hana eftir vind. Ég er núna að endurbyggja 15m yagann sem var í Í.R.A. Bóman var heil. Ég er líka að smíða nýjan turn og ætla að setja upp í hann tvo einböndunga fyrir 10 og 15m. Turninn verður níu metrar + rör, svo að loftnetin verða 10-12 metra yfir þaki. Bilið milli loftnetanna verður 6 fet".

Nú var rætt við Leif Guðmundsson, TF3LG. Hann er nýbúinn að smíða samskonar VK2AB/G30NC loftnet eins og TF3KM er með. "Það er ekki fullklárað og ég hef lítið getað prófað það, þetta er algerlega á byrjunarstigi", sagði Leifur. "Ég hef aðeins prófað það einu sinni við Höska, LX2RF. Ég var þó með skiptara og skipti á milli, netið var 1 S-einingu sterkara en vertikal. Þetta virðist líka koma vel út standbylgjulega séð, t.d. á miðjum 20m er engin standbylgja, en misjöfn annarsstaðar, fer þó hvergi yfir 2:1. Leifur var spurður út í óveðrið og svo framtíðaráætlanirnar. "Ég var með gamla álstöng fyrir vertikal", sagði hann, "og hún brotnaði í óveðrinu. Ég var að fá rótor og ætla að koma mér upp mastri og er að víða að mér efni. Ég keypti mér neðri part af ljósastaur. Það mætti kannski benda mönnum á að tækjasala borgarinnar við Skúlagötu er núna að selja neðri parta af ljósastaurum. Þeir voru ábyggilega með ein 15 stykki og seldu stykkið á kr. 150.-".

TF3SB, Sigurbjörn Þór Bjarnason, eða Doddi í daglegu tali, var næsti maður. "Ég hef sett upp eitt loftnet í sumar og veit ekki hvort það telst loftnet. Það er fyrir tvo metrana", sagði Doddi. "Annars er ég að spá í nýja tegund af delta lúp, svokallað Gízo-beam, sem lýst er í HR maí 1981. Það dregur nafnið af því að það lítur út eins og pýramíði. Það er frábrugðið venjulegri delta lúp að því leyti, að lúpurnar eru teknar saman í toppinn uppi og því engin bóma. Niðri er kross eins og í kvodi. Beint fyrir neðan hann kemur rótor, ef einhver er. Fæðingin er að neðan með gamma-matsi. Þetta er mjög létt, og net fyrir 15m vegur innan við 4 kg. Ég hugsa að þetta gæti orðið nokkuð gott. Ég hef verið að spekulera í þessu núna, en veit ekki hvort verður af þessu í sumar", sagði Doddi. Við snerum okkur nú að tveim metrunum. Spurt var um það hvort hann mundi skilja orðið gúmmí-

tota, ef það væri notað yfir loftnet. "Nei", svaraði Doddi, "mér mundi detta allt annað í hug. "Rubber duck", hefur verið kallað gúmmíönd og svo hef ég líka heyrt það kallað stert". "Þú hefur prófað þetta net eitthvað, er það ekki?". "Ja, þar eru nú líklega aðrir sem hafa prófað það meira en ég. Annars hef ég prófað það sem TF30M sagði mér, að kvartbylgjustubbur úr ídráttarvír hefur meira en 3dB gain yfir róbber dökkinn. Ég setti upp kólínear vertikal á 2m. Þetta voru tvær 5/8 bylgjulengdar stengur, fasaðar saman og kvartbylgustubbur fyrir neðan. Þetta á að vera með 3,6 dB yfir dípól. Hef talað með þessu við TF2XCT í Stykkishólmi á 1,5W, annars er auðvelt að ná þangað svo ég veit ekki hvort þetta er nokkuð sérstakt. Hann er mjög aktívur þar. Það mætti gjarnan koma fram", sagði Doddi að lokum.

Við spurðum næst TF4JZN, Jóhann Zoega, um loftnet hans við Mjólkár-virkjun. "Ég hef verið með eitt loftnet að undanfögnu, vertikal fyrir 15m, og hef verið aðallega á því bandi, þar eru stundum ágæt skilyrði, þó mér finnst þau lakari í sumar en í fyrrasumar. Ég var með dípól fyrir 80m, hann hékk uppi í vetur, en datt svo niður einn logndag í vor. Hann kom vel út innanlands, ég hef ekki náð út á 80m. Ég var með ýmis 15 metra net áður, en þau komu ekki vel út, en það gæti verið að kenna lélegri fæðilínu, sendistyrkurinn er það lítill að ekki má tapast mikið. Ég næ vel vesturströnd U.S.A. á 15m en lakar austur á bóginn. Í góðum skilyrðum hef ég heyrt Kyrrahafið og og Ástralíu. Á 40m hef ég náð einum breta. Ég er núna í "beam" hugleiðingum. Þegar maður hefur ekki meiri sendistyrk en þetta er um að gera að nýta hann sem bezt. Ég hef ágætan staur, sem er gamall háspennustaur, hann er 11 metra hár. Með röri ofan á hann fengist samileg hæð fyrir "beam". "Er það nokkuð, sem þú vilt segja að lokum?". "Það gæti verið gaman að hafa meiri samskipti við menn hér innanlands það æfir mann a.m.k. í þ,æ og ö, en það virðist vera af litlu að taka þar. Hef verið á 3525 kHz á 80m, en það er e.t.v. ekki rétta tíðnin. TF3KM, Kristján Magnússon, slær á ýmsa strengi og er jafnvígur á hvort sem er píanóstrengi eða loftnetsstrengi. Tilraunir hans með ýmis net hafa vakið athygli, sérstaklega VK2ABQ/G30NC þriggja banda stefnu-loftnet hans. "Nýjasta breytingin reyndist vel", sagði hann "mér finnst það vera bezt loftnet, sem ég hef haft. Fram/aftur hlutfallið er gott og fram/hliðar hlutfallið alveg með ólíkindum. Breytingunni frá eldri útgáfunni er lýst í nýlegu Radcom. Hún felst í því, að 2,5 metra fjöl úr vatnsþéttum krossvið er fest á miðjan krossinn í fram/ aftur stefnu loftnetsins. Loftnetið er síðan tekið inn á sinn hvorn enda fjalarinnar, fæðipunkturinn á annan endann. Netið lagaðist geysimikið við þessa breytingu". "Hvernig er netið fætt?". "Það er fætt með einum kóax. Netið kemur bezt út á 20m, þarnæst á 10m, en ég er ekki nógu ánægður með 15m. Bezt væri að fæða það með balanseraðri línu. Kunningi minn í Englandi notar bara balanseraðar línur í loft-net og gefur skít í kóax". "Hvernig stóð það sig í óveðrinu?". "Það slitnuðu bara vírarnir í því, ekkert annað fór. Það var minn feill að setja ekki strax jöklavír í netið, ég geri það næst. Bambusarmarnir héldu sér. Ég lakkaði þá fyrst, setti svo glossfiebertape fram á þá miðja og lakkaði yfir aftur, það borgar sig að gera þetta strax". "Hefurðu fengið einhvern samanburð?". "Ég hef oft talað við Valda og það er svona 1 S-einingu betra en GP, ekki meiri ávinningur í nýju útgáfunni, það er bara hliðar- og bakdeyfingin, sem er meiri". "Nú hefur þú prófað mörg fleiri net er það ekki?". "Jú, ég er með "Slim Jim" á 2m, það kemur mjög vel út. Ég set það á 2,5 cm spýtu og svo inn í plasthólk. Þetta er svo auðvelt að það er það auðveldasta í heiminum, ég er hissa að menn skuli ekki prófa þetta. Ég tók eitt niður af þaki um daginn og það var eins og nýtt. Svo eru menn að brjóta toppana sína. Ég bjó til svona úr bremsurörum á bílinn. Nú, ég er að prófa "Gizo-beam" uppi í sumarbústað en er þó ekki kominn

með réttar lengdir í það. Samt er það betra en dípóll sem er herra". Að lokum sagði Kristján um VK2ABQ netið: "Ég veit að það eru til betri net, en það er bara fyrirferðin og vindálagið".

TF3GN, Guðlaugur Ingason býr í Garðabæ og hefur smíðað margt listavel. Ég var með 15m Quad uppi á þaki, þegar óveðrið kom. Quadinn skemmdist ekki, en mastursútbúnaðurinn hrundi, bognaði í fallegan boga og lagðist niður með húsinu. Það sannar ágæti bambus, sem efnis, að hann skyldi ekki brotna, var búinn að standa í 3 ár. Ég var búinn að viðá að mér efni og smíða fyrir 10-15-20m Quad, en varð skeptískur eftir þetta ó-veður, svo ég hef hug á að fara í eitthvað með minna vindálag. Quad hefur mikið vindálag, mest þessara neta held ég. Ég vil fórna einhverjum ávinning fyrir lítið vindálag. Var að hugsa um 3 elementa 3 banda stefnuloftnet". "Þú hefur mikið íhugað fellibúnað, er það ekki?". "Jú, ég held við verðum að geta fellt loftnetin til að lag-færa þau og stilla. Er að koma mér upp 7 metra háu mastri, allt heimasmiðað og verður hægt að fella það með handspili. Er búinn að smíða nýja turninn. Hef lítinn TV rótor og hef smíðað við hann mekaníska bremsu, sem rígheldur stönginni svo að engar áhyggjur þarf að hafa af rótornum".

"Hvað segja nágrannarnir?". "Við Ingi Sveins eigum ágæta nágranna, þeir eru orðnir svo vanir að sjá okkur uppi á húspökum, að þeir eru hättir að furða sig á þessu. Að vísu er hér ein kona með fjarstýrðan bílskúrshurðaropnara og hurðin er að opnast í tíma og ótíma Radióeftirlitið kom, en ég gat fljótlega sannfært þá um að það var ekki ég".

Að lokum var Ingi Sveinsson, TF3SV, tekinn tali. Hann er að setja saman tvílykkju tenging og það sem á að bera hann er slíkt stórvirki að annað eins hefur ekki sést áður hér á landi og þótt víðar væri leitað. Þegar eru farnar að berast fyrirspurnir erlendis frá um fyrirbærið svo það er kominn tími til að landar hans heyri eitthvað um það. "Þetta byrjaði þannig", sagði Ingi, "að ég datt niður á gott rör. Þetta er 6 tommu álrör, sem er 13 metra langt. Síðan hefur þetta þróast. Rörið liggur meðfram húsinu og svo er það reist lóðrétt upp. Það er talsvert átak því þetta er löng vogarstöng. Þetta tekur 10-15 sekúndur. Ég er núna að setja saman tveggja elementa 3 banda boom-Quad frá Hy-gain. Svo er ég að venja nábúana við stöngina, svo þeir missi ekki andlitið. Þetta er eins og regnhlíf". "Hvað varstu með uppi í óveðrinu?". "Ég var með vertikal", svaraði Ingi. "Hann fór allur í köku, rifnaði og slitnaði allur saman. Það virðist að öll net hafi farið, sem ekki voru varin af húsum". Ingi sagðist hafa verið með vertikal að undan-förnu. "Ég næ öllu, sem ég heyri", sagði hann. "En hann er ekki nógu góður, þegar mikið er um að vera. Annars er merkilegt hvað næst mikið vertikal. Jarðvegurinn okkar hlýtur að vera svona góður fyrir það. Ég var að lesa grein í QST marz 1981, "Measuring soil conductivity", um eiginleika jarðvegs við mismunandi samsetningu og þar eru birtar töfl-ur. Þetta er greinilega fróður maður sem skrifar þetta. Hann er hrifinn af vertikal. Kaninn nær ekki góðum árangri á vertikal. Kanadamenn ná árangri á vertikal á veturna". Talið barst aftur að mastrinu hans Inga og því að stutt frásögn um það hefði birst í fréttabréfi VE2TD. Það var Örn Árnason vesturíslendingur, sem hér var á ferð og sagði frá þessu í grein í áður nefndu fréttabréfi. "Það barst víst fjöldi fyrirspurna, og ritstjórinn sendi mér bréf með beiðni um nánari upplýsingar", sagði Ingi. "Það er eitt sem vakir fyrir mér", sagði Ingi að lokum, "og það er að geta bjargað netum undan óveðri".

Hér látum við staðar numið eftir að hafa orðið margs fróðari um fjöl-breyttar loftnetatilraunir. Reynt var að ná til margra fleiri, en í þá náðist ekki.

Eru viðmælendum færðar beztu þakkir fyrir greið og áhugaverð svör.

félagsmál

í umsjó stjórnar

Aðalfundur Í.R.A. árið 1981 var haldinn sunnudaginn 15. febrúar sl. TF3KB var endurkjörinn formaður. TF3RA og TF3YH sátu áfram í stjórn til eins árs í viðbót og TF3DC og TF3JB voru kjörnir í stjórn til tveggja ára, en TF3HN og TF3LG til vara til eins árs. Stjórnin hefur skipt með sér verkum þannig:

TF3KB, Kristján Benediktsson, formaður.
TF3RA, Helgi V. Karlsson, varaformaður.
TF3JB, Jónas Bjarnason, ritari.
TF3YH, Yngvi Harðarson, glaldkeri.
TF3DC, Óskar Sverrisson, meðstjórnandi.

Á aðalfundinum var samþykkt að senda TF3KB sem fulltrúa félagsins á fund í NRAU í Kaupmannahöfn 14. til 15. marz 1981 og á fund í IARU Region 1 í Brighton, 27. apríl til 1. maí 1981.

ÍRA og FRA, íslenska og færeyska amatörfélagið voru tekin inn í Nordisk Radio Amatör Union (NARU), fyrir einu ári. Hin fjögur "stóru" félög norðurlandanna lögðu mikla áherzlu á að fulltrúar ÍRA og FRA sætu þennan fyrsta fund eftir að félögin voru tekin inn.

Fundir í NRAU eru að jafnaði haldnir þriðja hvert ár, skömmu fyrir hverja ráðstefnu í IARU Region I. Þar eru rædd sameiginleg áhguamáli og sjónarmið samræmd fyrir IARU Region 1 ráðstefnuna.

Sú ráðstefna er hinsvegar mun stærri í sniðum og þar eru tekin fyrir hin ýmislegustu mál er varða amatörradíó, ráðleggingar til hinna einstöku aðildarféлага samþykktar, Sjónarmið og málaleitanir gagnvart Póst og símamálayfirvöldum einstakra landa samræmdar. TF3KB gerði ítarlega grein fyrir báðum fundunum á félagsfundum í Í.R.A. hinn 28. maí sl., og sýndi litskyggjur frá þeim.

Á fundinum í Kaupmannahöfn var m.a. rætt um dagskrá og kosningar ráðstefnunnar í Brighton, nýju böndin, reglugerðarmál, gagnkvæmar leyfisveitingar, truflanavarnamál, samnorræna útileika, samnorrænt amatörblað, amatörradíó í þróunarlöndunum, neyðarfjarskipti o.fl. Eftirtalin atriði eru meðal þess helzta, sem markvert getur talizt frá ráðstefnunni í Brighton: Rætt var um að gera einstaka samþykktir ráðstefna í IARU Region 1 meira bindandi en til þessa. Hingað til hafa þær aðeins verið meðmæli (recommendation). Vissar samþykktir (resolutions) geta hér eftir verið bindandi fyrir landsfélögin, nema þau geri sér bókun þar að lútandi. Samþykkt var að koma á föstum vinnuhópi, sem fjalla skal um starfrækslu-staðla, venjur og annað, sem snertir tíðnir lægri en 30 MHz. Bandplön fyrir nýju böndin voru samþykkt. 10 MHz bandið, sem er aðeins 50 kHz breitt, var samþykkt að nota aðeins fyrir CW og RTTY, en ekki fyrir SSB né heldur yrðu haldnar þar keppnir. 18 MHz og 24 MHz, sem bæði eru 100 kHz breið voru skipulögð á svipaðan hátt og 7 MHz. Samþykkt var að mæla með við öll landsfélög að hefja viðræður við sín Póst & símayfirvöld um að fá 18 MHz og 24 MHz á víkjandi grundvelli (secondary basis) frá 1. jan. 1982 en WARC 79 gerir ráð fyrir að amatörar fái böndin á ríkjandi grundvelli (primary basis) þegar aðrar þjónustur hafa verið fluttar, sem gæti orðið seint á þessum áratug.

Bæði í Kaupmannahöfn og Brighton kom fram mjög mikill áhugi meðal radíóamatöra á nágrannalöndunum að ná sambandi við Ísland á 2m með einu eða öðru móti og er helzt talað um MS í því sambandi. Áhugi á 2m vita hér á landi er einnig gífurlega mikill.

TF ÚTILEIKARNIR 81

Stjórn Í.R.A. hefur þá ánægju að kynna þriðju TF útileikana, sem haldnir verða um verzlunarmannahelgina 1981. Tilgangur útileikanna er að örva áhuga og hæfni íslenskra radióamatöra, einkum að því er varðar notkun færanlegra stöðva við sambönd innanlands og jafnframt vera mönnum til nokkurrar ánægju við sameiningu útivistar og amatörradíós. Skipu-lagning leikanna er með svipuðu sniði og undanfarin tvö ár. Reglurnar eru eftirfarandi:



- 1/TÍMI: Hverjum þátttakanda er heimil þátttaka á eftirfarandi tímabilum:
- | | | |
|-----|---------------------|-------------------------|
| Kl. | 15.00 til 18.00 GMT | Laugardag 1. ágúst 1981 |
| Kl. | 08.00 til 11.00 GMT | sunnudag 2. ágúst 1981 |
| Kl. | 18.00 til 21.00 GMT | sunnudag 2. ágúst 1981 |
- 2/SKILABOÐ: TF stöðvar skiptist á eftirfarandi upplýsingum:
RST - QSO númer - QTH - loftnet - inngangsafli í wöttum - ER eða RA. Dæmi: 569 001Hengill LW 5W ER. ER þýðir að stöð-in fái rafmagn sitt Ekki frá Rafveitukerfi. RA þýðir að stöðin fái rafmagn sitt frá RAfveitukerfi. Sé skipt við erlenda stöð, skal tekið á móti frá henni: RST - Nafn - QTH QSO númer er skráð í dagbók, en ekki sent, nema hin erl. stöð sé einnig þátttakandi í útileikunum.
- 3/FULLGILD QSO: Samband telst þá og því aðeins fullgilt, að:
- Báðar stöðvar hafi náð kallmerkjum réttum
 - Skilaboð séu rétt móttækin hjá báðum.
 - Heyrst hafi R (R = allt rétt móttækið) frá stöðinni sem skipt er við, um að hún hafi náð öllu réttu.
 - Ekki hafi verið haft samband við slöðina áður á viðkomandi bandi og þátttökutímabili.
- 4/PUNKTAR: Aðeins eru reiknaðir punktar fyrir fullgild QSO, þannig:
- | 10-15-20m | 40m | 80m | |
|-----------|------|------|-----------------------|
| 8p. | 16p. | 16p. | fyrir ER stöðvar |
| 4p. | 8p. | 8p. | fyrir RA stöðvar |
| 2p. | 4p. | 4p. | fyrir stöðvar utan EU |
| 1p. | 2p. | 2p. | fyrir stöðvar í EU |
- Punktar reiknast fyrir QSO við sömu stöð á þeim böndum, sem dálkarnir að ofan sýna. Ath. að ekki er gerður greinarmunur á 10-15-20 m; þannig að einungis reiknast punktar fyrir QSO á einu þessara banda, ef um sömu stöð er að ræða. 40 og 80m eru hinsvegar aðskilin. Einnig er heimilt að hafa QSO við sömu stöð á öllum þótttökubilum. Fyrir þetta reiknast punktar eins og um nýja stöð væri að ræða.
- 5/TEG. ÚTGEISLUNAR: Allar tegundir útgeislunar, sem eru leyfilegar skv. leyfisbréfi eru jafngildar.
- 6/MARGFALDARAR: Þeir eru þrír: M1 = fjöldi ísl. kallmerkja, 12 sem haft

var QSO við óháð bandi og tíma. M2 = fjöldi ísl. kallsvæða, sem haft var samband við, plús fjöldi ísl. kallsvæða, sem haft var samband frá, reiknað út fyrir hvert band (skv. lið 4) og lagt saman. M3 = 3 hjá ER stöðvum og M3 = 2 hjá RA stöðvum og þátttakendum erlendis.

7/LOKÁARANGUR: Lagðir eru saman punktar fyrir öll fullgild QSO á öllum böndum (sbr. þó að 10-15-20m reiknast sem eitt band) og þáttökutímabilum. Sú útkoma er síðan margfölduð með heildarmargfaldara, sem er: M1 X M2 X M3.

8/FLOKKAR: Þátttaka er í sex flokkum, þannig:

- I. 0 Wött = hlustarar.
- II. 0-5 Wött inn.
- III. 5-50 Wött inn.
- IV. Yfir 50 Wött inn.
- V. EU stöðvar án tillits til afls.
- VI. Stöðvar utan EU án tillits til afls.

Flokkar I-IV. á við stöðvar innanlands og V. og VI. utan.

9/BÖND: Öll amatörbönd leyfileg samkvæmt leyfisbréfi.

10/HLUSTARAR: Þeim reiknast punktar á grundvelli fullgildra sambanda þátttakenda í útileikunum, sem þeir heyra og skrá. Punktar fyrir heyrð sambönd eru meðaltal punktafjölda þeirra stöðva sem eru í sambönd sbr. punktatófluna í 4. lið. Að öðru leyti gilda um hlustara sömu reglur.

11/DAGBÓK: Afriti af dagbók skal skila til keppnisstjóra Í.R.A., TF3CW fyrir 15. september 1981. Þar skal skráð: Kallmerki, tími, dags., band, punktar, margfaldarar og skilaboð, bæði send og móttekin. Nota skal sér blað fyrir hvert band. Með þessu skal fylgja samantektarblað, sem sýnir fjölda punkta á hverju bandi, flokk, kallmerki, nafn, heimilisfang og lokaárangur. Ummæli eða álit á leikunum eru vel þegin.

12/VAFAATRIÐI: Rísi einhver vafaatriði um túlkun þessara reglna hefur stjórn Í.R.A. eða þeir, sem hún tilnefnir, endanlegt úrskurðarvald.

TF1 - Árnessýsla, Rangárvallasýsla, vestur-Skaftafellssýsla.
TF2 - Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla.
TF3 - Kjósarsýsla (Kjalarnesshreppur, Kjósarhreppur Mosfellshreppur, Bessastaðahreppur) Reykjavík, Kópavogskaupstaður Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarbær (þó ekki eignarland í Krísvík), Seltjarnarnesskaupstaður.
TF4 - Austur-Barðastrandarsýsla, vestur-Barðastrandarsýsla, vestur-Ísafjarðarsýsla, norður-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla.
TF5 - Eyjafjarðarsýsla, suður-Þingeyjarsýsla, norður-Þingeyjarsýsla.
TF6 - Norður-Múlasýsla, suður-Múlasýsla, austur-Skaftafellssýsla.
TF7 - Vestmannaeyjar.
TF8 - Gullbringusýsla.
TF9 - Vestur-Húnavatnssýsla, austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla,
TF0 - TF0 er lokað svæði sem umlykur óbyggðir og miðhálandi landsins. Jaðar svæðisins er þeir punktar sem eru í 12 km. fjarlægð frá neyzlustöðum rafveitna, eða jökulrönd sé hún í minna en 12 km. fjarlægð.
Munið að láta kallsvæðisnúmer koma fram í kallmerkinu.

vidskiptamál

de TF3AC, CW & YH

CQ DIPLOMURNAR

Frá og með 1. marz 1981 hækkaði gjald fyrir allar CQ-diplómur (t.d. WAZ, WPX og CQ DX) í fjóra dali fyrir áskrifendur CQ, en tíu dali fyrir aðra. Þeir sem áhuga hafa á frekari upplýsingum eða ætla að sækja um eitthvað af þessum diplómum er bent á að snúa sér til Guðjóns, TF3AC, sem nú er fulltrúi fyrir CQ-diplómurnar á Íslandi.

WORKED ALL MALAYSIA AWARD

WAMA er gefin út af M.A.R.T.S. Hún er veitt öllum leyfishöfum og hlusturum sem geta sannað, með staðfestum úrdrætti úr radiódagbók (þarf að vera staðfestur af tveimur öðrum leyfishöfum, eða enn betra, TF3AC, sem er Awards Manager Í.R.A.), að sambönd hafi átt sér stað við tíu 9M2, tvær 9M6 og tvær 9M8, óháð bandi og tegund útgeislunar. Úrdrátturinn og 10 I.R.C.'ar sendist til: Hon. secretary, M.A.R.T.S., P.O. Box 777, Kuala Lumpur, Malaysia.

THE 9H DIPLOM

er veitt öllum leyfishöfum og hlusturum sem hafa safnað saman ákveðnum punktafjölda með samböndum við stöðvar á Möltu. Einn punktur fæst fyrir samband við hverja 9H stöð að undanskildum samböndinn við Gozo eyju, 9H4, og klúbbstöð M.A.R.L., 9H1MRL, sem gefa tvo punkta. Stöðvar innan Evrópu þurfa tíu punkta til að næla í diplómuna, en aðrir fimm punkta. Senda þarf lista, staðfestan af tveimur öðrum leyfishöfum, yfir QSL kort í eigu umsækjanda, frá stöðvunum, ásamt 12 I.R.C.'um eða tveim dölum til: The Awards Manager, M.A.R.L., P.O. Box 575 Volletta, Isle of Malta.

S.A.C. KEPPNIN 1981

Munið eftir Scandinavian Activity keppninni 1981. Hún verður haldin sem hér segir:

CW - 19. september kl. 15.00 til 20. sept. kl. 18.00 GMT

SSB - 26. september kl. 15.00 til 27. sept. kl. 18.00 GMT

Radiódagbækur og samantektarbið sendist til: N.R.R.L. Contest Manager, Alf Almedal, LA5QK, N-4052 Royneberg, Norway.

KEPPNISALMANAK

11. til 12. júlí I.A.R.U. Radiosport keppnin

1. til 2. ágúst TF-útileikarnir

22. til 23. ágúst All Asian DX (CW) keppnin

5. til 6. sept. RSGB SSB Field day / IARU Region 1
HF Phone Field day keppnirnar.

19. til 20. sept. S.A.C. (CW) keppnin.

26. til 27. sept. S.A.C. (SSB) keppnin.

Keppnisþátttaka Íslendinga hefur verið frekar dræm síðan loftnetin við félagsstöðina, TF3IRA, fóru niður í febrúar sl. 1 marz skruppu TF3DC og YH til Grænlands og starfræktu þar stöð OX3RA (OM) og OX3ZM (XYL) ásamt þeim og OX3CS í CQ WPX SSB keppninni. Kallmerkið var TF3DC/OX. Útkoman varð um 3800 sambönd og yfir 4,8 mill). punkta.

Í endaðan maí tóku svo TF3CW og TF3YH þátt í CQ WW WPX CW keppninni undir kallmerki TF3IRA. Útkoman varð 1688 sambönd og tæpar 1,5 milljónir punkta.

Þá mun TF3JB einnig hafa tekið þátt í WPX CW hlutanum.

// CE0X.SVIIW, SVIJG og SV0BV verða QRV frá San Felix Isl.,
fyrstu vikuna í september undir kallmerkinu WB1GDQ/CE0. QSL
via SVIJG.

// VEIBL/1.o.f.l. eru QRV þessa dagana frá St. Paul Isl.

// XZ5A.Samplo í Burma hefur verið töluvert virkur undanfarið í
fylgd með LAIKI og F6CYL í kringum 14,220 MHz og 14,270 MHz
ca. frá 16.30 GMT. QSL via JA8BMK.

// 1A0KM.Knights of Malta. Miklar líkur virðast vera á því að
þessi stöð verði samþykkt af DXAC sem nýtt land. QSL via I0MGM.

// 9U5WR.Burundi er mikið QRV 6 CW í kringum 14,025 MHz og
21,025 MHz. Oftast QSO 5 upp. QSL via SP6FER.

Eftirtalдар stöðvar eru úr radiódagbók TF3YH seinasta
mánuðinn. Tölurnar í svigunum tákna GMT.

80m CW LU6AGM (23.38), PYIMAG (23.24), 4K1A (23.34).

40m CW PY5DKB (23.39), 4K1A (21.28), 4K1B (02.15), UA3XBP/4K1 (02.23).

40m SSB CX3BBR (01.18), VK6LK (23.35), ZP5AR (00.59), 4X4DK
(00.26), 7X4AN (00.36).

20m CW KH6GI (21.44), KP2A (21.51), SVINN (18.01), TN8CV (00.10),
9U5WR (19.06).

20M SSB JX2BZ (20.40), KP2A/D (21.24), SV0BV/SV5 (21.41), VU2RAK
(18.27), XZ5A (16.49), OH2TD/4U (19.30), 9M2BB (19.06).

15m CW HL9RW (13.32), KP2A/D (20.30), OD5LX (23.22), VP5CM
(13.47), ZM7ZR (11.54), 9U5WR (19.52).

15m SSB JT0WA (14.05), AH6CH/KH3 (12.42), KP2A/D (19.36), ZM7JS
(09.14) 3D2FL (10.31), 9U5HK (19.41).



Að síðustu nokkur QSL kort frá sjaldgæfum stöðum. 73 de TF3YH

tæknimál


í umsjá TF3DC

DELTA LYKKJAN.

Eitt of þeim loftnetum sem auðvelt er að setja upp, er ódýrt og vinnur vel í DX er Delta-lykkjan.

Undirritaður hefur gert talsvert af tilraunum með slíkt á mismunandi tíðnum og gefur því fyrstu einkun í flokki loftneta af svipuðu tagi. Á 10 15 og 20m er auðvelt að koma Delta-lykkjum fyrir, jafnvel þar sem erfitt er að athafna sig með aðrar tegundir loftneta.

A 40 og 80m er Deltan orðin stærri en svo að henni verði auðveldlega komið fyrir við venjulegar aðstæður, en á þessum böndum er Deltan líka með betri DX-netum sem völ er á. Sú hönnun á Deltalykkju sem ég hef notað byggist upp á einnar bylgjulengdar langri lykkju, sem myndar jafnarma þríhyrning með ákveðið hlutfall milli skammhliðanna og langhliðarinnar. Sjá nánar eftirfarandi upplýsingar:



Hæðina í deltunni má finna með:

Heildarlengd lykkju,

$$= \frac{306.3}{f(\text{MHz})}$$

$$B = \frac{\text{Heildarlengd lykkju}}{2.3}$$

$$h = \sqrt{A^2 - \left(\frac{1}{2} B\right)^2}$$

Lykkjan er fædd með "coaxial" fæðilínu í annað hvort hornið að neðan, sem gefur lóðrétta pólun. Sýndarviðnámið í netinu er nálægt 50 Ohm.

f (MHz)	Heildarlengd	lengd A	lengd B
3.525	86.89	24.55	37.77
7.050	43.45	12.28	18.89
14.150	21.65	6.12	9.41
21.200	14.45	4.08	6.29
28.025	10.93	3.09	4.75

TF3DC.

PÍRA



PÍRA leggur áherzlu á að afla radióefnis í eftirtalin kit:

A-KIT. Sérstaklega sniðin fyrir nýliða og samanstanda af hard-to-find parts (hlutakit):

1. IARU 6W sendir, sjá handbókina 81 og QST des. hefti 1979.
2. A high-performance solid state receiver (viðtæki) fyrir 3,5-7 og 21 MHz tíðnisviðin, eftir vali. Sjá handbókina 74 (bls. 284).
3. Accu-keyer, electr. morselykili, sjá handbókina 79 (bls. 364).

B-KIT. Kit almenns eðlis:

1. Transmatch kit (komplett), sjá handbókina "81 eða samsvarandi greinar í eldri blöðum, "The ultimate transmatch".
2. Hlutakit (hard-to-find parts) í 300 til 400 watta 12 volta power-supply. Sjá handbókina 81 (bls. 5-16).
3. Hlutakit (hard-to-find parts) í Titan 140 watta solid state linear amplifíer, sjá handbókina 81 (bls. 6-41) og QST júní blað 77.
4. Hlutakit (magnari fyrir QRP-senda) sjá handbókina 77 og QST frá desember 75.

PÍRA getur útvegað með stuttum fyrirvara prentplötur fyrir eftirfarandi tæki: MK-III, RTTY demodulator, IARU 6W sendi, Accu-keyer morselykil og 300 til 400 watta 12 volta power-supply og CW filter.


PÍRA getur útvegar með mjög skömmum fyrirvara eftirtalda, helztu komponenta til radiósmíða:

1. Alla nauðsynlegustu toroid hringkjarna frá Amidon, þar á meðal ferrit-kjarna og perlur.
2. Nokkra nauðsynlegustu transistora upp úr handbókinni (fleiri bætast við), s.s.: MPF 102 40673, 2N3866, MRF 454, MRF 499 og MRF 472.
3. Frá Barker and Williamson: B&W mini inductor no. 3011 3012 3014, 3015 og 3018.
4. Nýtt: Ath. Plug-in spóluform frá James Milien, Vernier calibrated dial, 8:1 drif, o.m.fl.

Í pöntun eru m.a. krystallar fyrir amatörtíðnir, svo og C804 týpur af Jackson Brothers hreyfipéttum.

Hef góð sambönd. Komið, hringið eða ræðið málin inni í félagsheimili. Sérpantanir fyrir hvern og einn.

Nánari upplýsingar f.h. PÍRA, Hans K. Kristjánsson, sími: 41612.



VIDEO GENIE

SYSTEM EG3003



TÖLVA FYRIR HEIMILI, SKÓLA, OG VINNUSTAÐI

Tölvur koma til með að verða þörfustu þjónar okkar í nánustu framtíð. Því ekki að kynnast þeirri framtíð? Hér er Tækifærið!

- 280 ORTÖLVA
- LEVEL II BASIC
- INNBYGGT SEGULBAND
- MÄ TENGJA BEINT Í SJÓNVARP

● **Verð: 8,595.00**

TF3BJT / TF3HN / TF3SO

MICROTÖLVAN SF.

SÍÐUMÚLA 22
SÍMI 83040

OPÍD
17-21

YAESU MUSEN



FT707 SOLID-STATE HF TRANSCEIVER "WAYFARER"



The FT707 "The Wayfarer" is an ultra-compact solid-state transceiver ideally suited for the home station or as a travelling companion, providing performance previously proffered only by the "Top liners".

The FT707 is THE radio of the eighties: 80-10m, including 30, 17 and 12m - all factory installed - 100W output (10W 'S' model) 50% developed in 3:1 VSWR - Digital, bright LED's in mode sensitive counter plus analogue readout - Transceiver status at a glance from string LED and single displays - 16 poles of crystal filtering provides continuously adjustable IF bandwidth 2-4kHz to 300Hz (N.B. This is true "variable bandwidth" that minimises much of the adjacent channel interference not "IF shift") - Noise blanker of most advanced design using local AGC loop - Schottky diode ring module, power transistor buffers, ultra clean, low noise local oscillator are combined to produce, size and price notwithstanding a most remarkable receiver.

The FV707DM is an external digital VFO that uses an advanced twin loop PLL to provide 10Hz tuning steps with excellent spectral purity. The addition of this 1" high package, with its 12 channels of memory with Receiver independent tune and internal/external (mic), up/down, fast/slow scanning, perfects the FT707 for mobile or contest use.

Illustrated below (L to R): The FP707 regulated power supply, the FT707 and the FC707 antenna coupler / switch / SWR meter on top of the FV707DM.

For further details of this exciting new system, please contact any authorised sales outlet for a free colour brochure. Better still: see it for yourself - try one out today!!!

FT707

- 80-10 metres (including 10, 18 and 24MHz bands)
- USB - LSB - CWW - CWN - AM (Tx and Rx operation)
- All solid state - including "advanced" final amplifier
- 100W PEP, 50% power output at 3:1 VSWR
- Full "broad band" no tune output stage
- Excellent Rx. dynamic range, power transistor buffers
- Rx Schottky diode ring mixer module
- Local oscillator with ultra-low noise floor
- Variable IF bandwidth - 16 crystal poles
- Bandwidths 6kHz* 2-4kHz 300Hz (600-350Hz)* 300Hz*
- AGC; slow-fast switchable from the front panel
- VOX built-in and adjustable from the front panel
- Semi-break in with side tone for excellent CW
- Digital (100Hz) plus analogue frequency display
- LED Level meter reads: S, PO and ALC
- Convenient concentric AF/RF gain controls
- Indicators for: calibrator, fix, int/ext VFO
- Receiver offset tuning (RIT-clarifier) control
- Advanced noise blanker with local loop AGC
- 25kHz crystal calibrator feature
- Internal, xtal or external VFO control

FV707DM

- 12 memory channels with RIT
- Twin PLL system with 10Hz steps
- Scanning: up/down, fast/slow from mic or unit

FTV707 NEW! NEW! NEW!

- Matching transverter. Plug-in modules - 6, 4, 2 or 70cm

*Optional

E&OE



WORKING FOR OUR COMMON INTERESTS - at Yaesu Musen communication equipment is not a sideline but the only business. Over 130 licensed amateurs proudly produce the most diverse product line available. SSB, CW, AM or FM for mobile, portable or base use.

Aljótækni (Hljóðtækni - Radio Supply)

Höfðgötu 24, 105 Reykjavík, sími 91-22247

Tvær

**góðar ástæður
til þess að gerast
áskrifandi
strax**



Peugeot 104 GL dreginn út 24. júlí
(verðmæti 80.000,00 kr.)



Datsun Cherry GL dreginn út 26. ágúst
(verðmæti 84.000,00 kr.)

**Hvaða Vísis-áskrifendur
fá bílana góðu?
Vertu strax áskrifandi**

VÍSIR
síminn er 86611